



Akureyrarbaer

Starfsaetlun leikskola



fyrir skolaárið 2023 – 2024

Um skólann

Skólinn er á tveimur stöðum, Tröllaborgir annars vegar sem er til húsa í Tröllagili 29, 603 Akureyri og hins vegar deildin Árholt sem stendur við Hálíð 1, 603 Akureyri. Anna Jóna Guðmundsdóttir er skólastjóri en skólinn hóf starfsemi sína árið 2004 og er því að hefja sitt 19. starfsár. Árholt var tekið í notkun í ágúst 2019 og mun því hefja sitt fimmta starfsár í haust.

Leikskólinn er rekinn af Akureyrarbæ og heyrir undir fræðsluvið.

Með því að smella [hér](#) má skoða skóladagatal fyrir skólaárið 2023-2024.

Tölulegar upplýsingar um börn

Í Árholti er gert ráð fyrir 24 börnum, 8 drengir og 16 stúlkur.

Í Tröllaborgum verða 78 börn, 33 stúlkur og 45 drengir. Alls verða börnin 102 talsins, 49 stúlkur og 53 drengir.

Leikskólinn opnar 7:45 og lokar 16:15. Misjafnt er eftir því hve langur dvalartími barnanna er en hann getur verið allt frá 4 klst upp í 8,5 klst.

Veturinn 2023 – 2024 eru um nítján börn sem þurfa á sérstakri námsaðlögun að halda og þrettán börn eiga annað mál en íslensku að móðurmáli, þar af eru sex sem eiga tvö móðurmál.

Áætlaður fjöldi dvalarstunda er um 782,25 klst

Áætlaður meðaldvalartími barna er þá rétt um 7,67 klst á dag.

Starfsmannamál

Heildarfjöldi stöðugilda er áætlaður 29,1

Heildarfjöldi starfsmanna er áætlaður 36

Skólinn er með starfs- og símenntunaráætlun sem finna má [hér](#).

Öryggismál

Skólinn er í samstarfi við slökkviliðið, samstarfsverkefnið kallast Logi og Glóð og fjallar um eldvarnir. Þetta verkefni er eingöngu fyrir elsta árganginn og er haldið upp á lok verkefnisins með heimsókn á slökkvistöðina að vori.

Skólinn er með áfalla- og slysaáætlun sem finna má [hér](#).

Faglegar áherslur

Skólinn notar hugmyndafræði lífsleikninnar sem byggir á kenningum sem snúa að mannrækt, siðferðislegu gildismati og þeirri trú að efla og styrkja hið góða í hverjum einstaklingi. Skólinn hefur einkunnarorðin *hugur, hjarta, hönd* og er markmiðið að vinna með og samþætta þessi atriði í allri starfsemi skólans. Merking einkunnarorðanna felur í sér að jafnvægi verði á milli þekkingar, tilfinninga og framkvæmdar. Þá er einnig stuðst við jóga í leikskólanum og læsistefnu skólans.

Mat og umbætur

[Hér](#) má finna umfjöllun um innra matið okkar á heimasíðu skólans. Þarna má finna allar skýrslur frá 2021. Allar skýrslurnar innihalda umbótaáætlun.

Foreldrasamstarf

Foreldrafélag og foreldraráð er starfandi í skólanum, [Hér má lesa um foreldrafélag skólans](#) og [hér má lesa um foreldraráð skólans](#).

Foreldrasamtöl fara fram árlega að vori til. Þó er öllum nýjum foreldrum boðið í samtal eftir að barnið hefur verið í skólanum í 3 mánuði. Þá er staðan tekin, hvernig gengur og þar fram eftir götum. Foreldrum er ávallt velkomið að óska eftir samtali ef eitthvað er.

[Hér](#) er hægt að lesa foreldrahandbókina.

Samstarf við grenndarsamfélag

Skólinn heyrir undir fræðsluráð, öll samskipti er varða skólann og skólastarf fer þar fram. Gott samstarf er um hin ýmsu málefni barna.

Við nýtum okkur velferðarsviðið þegar við leitumst eftir sérhæfðari þjónustu heldur en við getum sjálf boðið upp á.

Giljaskóli er okkar næsti nágrenni en samstarf hefur verið á milli Tröllaborga og Giljaskóla hvað varðar inngöngu elsta árgangsins í grunnskóla. Elsti árgangurinn fer þá í heimsóknir í skólann, fær að kynnst svolítið umhverfinu þar og fá smávegis undirbúning fyrir komandi skólaár. Þá hefur einnig verið samstarf við þá grunnskóla sem munu taka á móti börnum sem hafa þurft á sérkennslu að halda í leikskólanum.

Helstu verkefni 2023-2024

Unnið var áfram að innleiðingu menntastefnunnar.
Unnið með endurskoðun á lífsleikni leikskóla.
Tilraunverkefni með verkefnastjóra listsköpunar í leikskólanum.

Leiðir skólans til að mæta nemendum með sérþarfir

[Smellið hér til að lesa skólanámskrána.](#)

Skólinn er með starfandi sérkennslustjóra sem heldur utan um alla sérkennslu. Þegar á þarf eru teymi mynduð utan um þá einstaklinga sem þurfa á sértækri námsaðstoð að halda.

Undirskrift skólastjóra

Anna Jóna Guðmundsdóttir

Akureyri, 20. júní 2023